



Reykjavík, 19. febrúar 2019

Til: Skipulags- og samgönguráðs.

Efni: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hitakort til hliðsjónar við ákvörðun forgangsröðunnar snjóruðnings göngu- og hjólastíga í borginni.

Vísað er til tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dagsetta 6. febrúar 2019, um hitakort og forgangsröðun vetrarþjónustu göngu- og hjólaleiða í borginni. Tillagan er svofelld:
„Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að svonefnd hitakort, sbr. t.d. Strava Global Heat Map, verði höfð til hliðsjónar við ákvörðun forgangsröðunar snjóruðnings göngu- og hjólastíga í borginni.“

Notkun á hitakortum til að aðstoða við val á forgangsléiðum vetrarþjónustu göngu- og hjólastíga í borginni hefur lítilega verið rædd. Eins og í svo mörgum málum eru skiptar skoðanir um notagildi slíkra mælinga. Hitakort gefa góða mynd af ákveðnum hópum notenda stígakerfisins t.d. þeirra sem nota kerfið til hjólaiðkunar, hlaupa eða annarra íþróttá. Á hinn bóginn endurspeglar slíkt hitakort ekki endilega notkun þeirra sem ganga stígakerfið á öðrum forsendum en íþróttá. Það er þó ljóst að slíkt kort geta gefið ákveðnar hugmyndir um notagildið og gætu því verið leiðbeinandi. Núverandi kerfi við val á forgangsléiðum fer eftir huglægu mati þar sem leitast er við að setja þá stíga sem meira eru notaðir í hærri forgang. Þannig eru t.d. stofnstígar milli hverfa, tengistígar innan hverfa og gönguleiðir skólábarna alla jafnan settar í hærri forgang en t.d. gönguleiðir í húsagötum. Við slíkt mat er m.a. notast við ábendingar frá notendum, hvort sem þær berast okkur beint eða eftir öðrum leiðum, s.s. á samfélagsmiðlum.

Umræddur stígur, þar sem óskað er eftir forgangi í samræmi við niðurstöður úr hitamælingum, austan Mjóddar við Stekkjarbakka, á milli Arnarbakka og Álfabakka, hefur þegar verið skoðaður og ákveðið að setja í þjónustuflokk 1a í vetrarþjónustu göngu- og hjólaleiða. Sú ákvörðun tekur gildi næsta vetur. Forgangur vetrarþjónustu á umræddum stíg var ræddur eftir ábendingu á samfélagsmiðlum. Áður en hægt er að setja stíginn í forgang verður að klippa og fjarlægja tré og örlítið að breyta legu stígsins að sunnanverðu til að koma þjónustutækjum fyrir í rýminu en við snjóruðning og hálfkuvarnir á hjóleiðum (1a) er notaður svokallaður þækilsópur sem er fyrirferðamikill en ákaflega gagnlegt tæki. Þetta verður gert í sumar og þess vegna ekki hægt að setja stíginn í hærri forgang í vetur.

Umhverfis- og skipulagssvið fagnar öllum ábendingum sem geta hjálpað okkur að veita eins góða þjónustu og mögulegt er. Þannig gerum við borgina betri og aðlögum að þörfum íbúa.

Virðingafyllst,

Hjalti J. Guðmundsson
Skrifstofustjóri
Skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins.